

**Nd.**

**692. Nefndarálit**

**[168. mál]**

um stækkun lögsagnarumdæmis Keflavíkurkaupstaðar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur haft frumvarp þetta til athugunar á nokkrum fundum sínum og leitað umsagnar sýslunefndar Gullbringusýslu og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Enn fremur hefur nefndin haft samband við félagsmálaráðuneytið varðandi málið.

Nefndin telur eðlilegt, að Keflavíkurkaupstaður fái stækkað lögsagnarumdæmi sitt, eins og frv. gerir ráð fyrir, og leggur því til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Einn nefndarmanna (HV) var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. maí 1966.

Matthías Bjarnason, form.	Birgir Finnsson, fundaskr., frsm.	Axel Jónsson.
Jón Skaftason.	Ágúst Þorvaldsson.	Sigfús J. Johnsen.